



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2014

Brot Gamestöðvarinnar á ákvörðun Neytendastofu

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Gamestöðvarinnar ehf., dags. 18. mars 2013, gerði stofnunin grein fyrir því að með ákvörðun hennar í bréfi til Gamestöðvarinnar, dags. 20. september 2012, hefði verið tekið fram að sú skylda hvíldi á seljendum að gefa upp endanlegt verð, sbr. f. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í 2. mgr. 10. gr. sömu laga væri þó gerð undantekning á framangreindri reglu ef að vara eða þjónusta hefði þá eiginleika að ekki væri hægt að gefa upp verð fyrir fram á einfaldan hátt. Þegar svo bæri undir yrði að upplýsa hvernig verðið væri fundið út. Gamestöðin hefði hvorki veitt neytendum upplýsingar um þá aðferð sem notuð væri til að finna út endanlegt verð né þá kostnaðarliði sem gætu komið til eða bæst við hið endanlega verð, sbr. þær kröfur sem gerðar væru í 2. mgr. 10. gr. Hefði Gamestöðin ætlað sér að krefjast greiðslu fyrir pöntun á vöru yrði fyrirtækið að gefa upp endanlegt verð vörunnar, skv. f. lið 1. mgr. 10. gr., eða upplýsa neytendur um það hvernig verðið væri fundið út, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að Gamestöðin hefði með þáverandi sölufyrirkomulagi, þ.e. að krefjast greiðslu fyrir pöntun á vöru án þess að gefa upp endanlegt verð vörunnar, brotið gegn ákvæðum f. liðar 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005. Var þeim fyrirmælum beint til Gamestöðvarinnar að gæta þess í framtíðinni að tilgreina um endanlegt verð vöru þegar inneign væri keypt sem notast skyldi upp í endanlega greiðslu á vörunni.

Þar sem Gamestöðin hafði ekki látið af þeim viðskiptaháttum sem eldra mál Neytendastofu á hendur félaginu varðaði, auk þess sem Gamestöðin hafði ekki farið eftir þeim fyrirmælum sem beint var til félagsins með bréfi Neytendastofu, dags. 20. september 2012, gerði stofnunin Gamstöðinni grein fyrir því að nú kæmi til álita af hálfu Neytendastofu að leggja stjórnvaldssekt á Gamestöðina í samræmi við IX. kafla laga nr. 57/2005. Var Gamestöðinni gefinn kostur á að



koma að skýringum eða athugasemdum við bréf Neytendastofu áður en tekin yrði ákvörðun um hvort beita skyldi félagið stjórnvaldssektum.

2.

Þar sem engin svör bárust ítrekaði Neytendastofa beiðni sína um skýringar eða athugasemdir með bréfi dags. 10. apríl 2013. Var Gamestöðinni gefinn lokafrestur til að koma að skýringum eða athugasemdum og félaginu gerð grein fyrir því að bærust þær ekki mætti búast við að stjórnvaldssekt yrði lögð á félagið í samræmi við áðurnefndan IX. kafla laga nr. 57/2005. Engin svör bárust Neytendastofu.

3.

Við meðferð málsins kom í ljós að eigendaskipti hefðu orðið að Gamestöðinni. Með bréfi stofnunarinnar, dags. 3. desember 2013, var Skífunni ehf., skráðum rekstraraðila Gamstöðvarinnar, gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við framangreinda háttsemi.

Svar Skífunnar barst með bréfi, dags. 12. desember 2013. Í bréfinu er tekið fram að Skífan vilji koma á framfæri að hún hafi tekið yfir rekstur og vörumerki Gamestöðvarinnar þann 31. mars 2013. Frá þeim tíma hafi Skífunni ekki verið kunnugt um ákvörðun Neytendastofu frá 20. september 2012 né bréf Neytendastofu til Gamestöðvarinnar, dags. 18. mars og 10. apríl 2013. Skífan muni setta sig við ákvörðun Neytendastofu án athugasemda og skuldbindi sig til þess að gæta að því í framtíðinni að tilgreina um endanlegt verð vörunnar þegar um sé að ræða að inneign sé keypt sem notast skuli upp í endanlega greiðslu á vörunni.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. janúar 2014, var Skífunni tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið. Í bréfinu var að finna upptalningu á gögnum málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita hvort Skífan ehf., rekstraraðili Gamestöðvarinnar, hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 20. september 2012 með því að tilgreina ekki endanlegt verð vöru þegar neytendum er boðið að panta vöruna gegn greiðslu hluta upphæðarinnar.

Í niðurstöðum ákvörðunar Neytendastofu, dags. 20. september 2012, kemur fram að skýr skylda hvíli á seljendum að gefa upp endanlegt verð, sbr. f. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005. Í 2. mgr.



10. gr. sömu laga er þó gerð undantekning á framangreindri reglu ef vara eða þjónusta hefur þá eiginleika að ekki sé hægt að gefa upp verð fyrir fram á einfaldan hátt. Þegar svo ber undir verður að upplýsa hvernig verðið sé fundið út. Gamestöðin veitir neytendum hvorki upplýsingar um þá aðferð sem notuð er til að finna út endanlegt verð né þá kostnaðarliði sem geta komið til eða bætast við hið endanlega verð, sbr. þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 10. gr. Ætli Gamestöðin sér að krefjast greiðslu fyrir pöntun á vöru, verði hún að gefa upp endanlegt verð vörunnar, sbr. f. lið 1. mgr. 10. gr., eða að upplýsa neytendur um það hvernig verðið sé fundið út, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Taldi stofnunin að sala Gamestöðvarinnar með núverandi fyrirkomulagi bryti gegn ákvæðum f. liðar 1. mgr. 10. gr., sem og 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005. Neytendastofa hefur því þegar tekið afstöðu til þeirrar skýru skyldu sem á Gamestöðinni hvílir að gefa upp endanlegt verð vara eða að upplýsa neytendur um það hvernig verðið sé fundið út. Á vefsíðu Gamestöðvarinnar var víða boðið upp á þann möguleika að greiða 1.000 kr. til fyrirtækisins sem gilda skyldi sem pöntun á ákveðnum tölvuleik sem tilboðið varðaði. Endanlegt verð viðkomandi tölvuleiks var hins vegar hvergi að finna né upplýsingar til handa neytendum um það hvernig endanlegt verð yrði fundið út.

Neytendastofa telur því ótvírætt að Gamestöðin hafi brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar frá 20. september 2012 og gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og fyrirmælum Neytendastofu með því að tilgreina hvorki endanlegt verð viðkomandi tölvuleiks né upplýsingar um þá aðferð sem beita skyldi til að finna út endanlegt verð þegar neytendum er boðið að pantta vöruna gegn greiðslu hluta upphæðarinnar.

2.

Að öllu ofangreindu virtu og með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Skífunni bannað að viðhafa viðskiptahætti þar sem neytendum stendur til boða að greiða inneign sem hluta af kaupverði vöru, án þess að endanlegt vöruverð eða aðferð við útreikning á endanlegu vöruverði sé tilgreint.

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 kemur eftirfarandi fram:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

- a. ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-V. kafla,*
- b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b“*



Brot Gamestöðvarinnar, síðar Skífunnar, stóð yfir um langt skeið auk þess sem brotið var gegn skýrum fyrirmælum Neytendastofu. Félaginu átti því ekki að geta dulist sú lagalega skylda sem á því hvíldi að tilgreina endanlegt verð eða aðferð við útreikning á endanlegu verði. Með vísan til meðalhófsreglu stjórnslulaga, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1993, þykir þó rétt að veita nýjum rekstraraðila Gamestöðvarinnar viðunandi frest til að færa ofangreinda viðskiptahætti til samræmis við fyrirmæli laga. Neytendastofa mun því nýta framangreinda heimild í 1. mgr. 22. gr. til álagningu stjórnvaldssektar verði ekki farið að ofangreindu banni innan fjórtán daga frá birtingu ákvörðunar þessarar. Skal Skífan, með vísan til ofangreinds ákvæðis 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, greiða kr. 100.000 (eitthundraðþúsundkrónur) í stjórnvaldssekt vegna þeirra viðskiptahátta sem ákvörðun þessi varðar að fjórtán dögum liðnum hafi viðskiptahættir fyrirtækisins ekki verið færðir til samræmis við fyrirmæli laga nr. 57/2005.



III.

Ákvörðunarorð:

„Skífa ehf., rekstraraðili Gamestöðvarinnar, hefur með því að tilgreina ekki endanlegt verð vöru eða upplýsingar um þá aðferð sem nota skal til að finna endanlegt verð þegar neytendum er boðið að greiða ákveðna upphæð til fyrirtækisins sem gilda skal sem pöntun á vöru., brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 20. september 2012.

Með heimild í 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Skífunni ehf. bannað að viðhafa viðskiptahætti þar sem hvorki er tilgreint endanlegt verð vöru né sú aðferð sem beita skal til að finna út endanlegt verð þegar neytendum stendur til boða að greiða inneign sem hluta af kaupverði vöru.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum frá birtingu ákvörðunarinnar.

Verði ekki farið að ofangreindu banni innan fjórtán daga skal Skífan, með vísan til ákvæðis 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, greiða kr. 100.000 (eittundraðþúsundkrónur) í stjórnvaldssekt.“

Neytendastofa, 18. mars 2014

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir